

Dómsorð:

Við ákvörðun eigna Slippfélagsins í Reykjavík h.f. samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 skal lóðarspilda félagsins við Mýrargötu, 3450 fermetrar að flatarmáli, teljast því til eignar á kr. 759 000.00.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Nr. 135/1952. **Jónas Hvannberg** (Theódór B. Líndal)

gegn

Skapta Davíðssyni (Magnús Thorlacius)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Sýkna af kröfu um, að gert yrði hlið á girðingu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1952. Krefst hann *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til lögmætrar meðferðar og dómsálagningar, en *til vara*, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. september 1952, áfrýjað málinu með stefnu 26. s. m. Hefur hann gert eftirgreindar kröfur:

1. Að aðaláfrýjanda verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til gagnáfrýjanda dæmt að veita afrennsli vestan við fjós Úteyjar I norður í hveralæk á túninu.

2. Að aðaláfrýjanda verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til gagnáfrýjanda dæmt að setja hlið á girðingu frá einkavegi sínum að vestan niður að svonefndum Kvíslum.

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda

málskostnað í héraði, þar á meðal kr. 1400.00 til dómenda þar, svo og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi telur úrlausn sakaratriða í héraðsdómi vera svo óákveðna, að ómerkja beri dóminn í heild og vísa málinu heim í hérað til löglegrar dómsálagningar. Ekki þykir næg ástæða til að taka kröfu þessa til greina, og koma því kröfur gagnáfrýjanda í málinu til athugunar.

1. Hinn 14. júlí 1947 gerðu úttektarmenn Laugardalshrepps landskipti samkvæmt lögum nr. 46/1941 á sameignarlandi jarðanna Úteyjar I og Úteyjar II. Landskiptagerðinni var af hálfu beggja eigenda skotið til yfirmats samkvæmt 6. gr. nefndra laga, og fóru yfirlandskipti fram dagana 8. og 9. júlí 1948. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu hér fyrir dómi, hafði aðaláfrýjandi, allöngu áður en landskiptin voru gerð, látið leggja torfgarð þann frá fjósi sínu vestur að Austureyjarvegi, sem breytt hefur vatnsrennsli á þessu svæði. Í máli þessu telur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda skylt að breyta farvegi vatnsrásarinnar til hins fyrra horfs, en aðaláfrýjandi kveður vatnsrennslið mundu valda minnstum бага, ef gert væri ræsi fyrir það gegnum enda Austureyjarvegur og vatnið síðan látið renna niður með einkavegi hans, unz það kemst í ræsi gegnum þann veg lítið eitt neðar og þaðan í hveralækinn. Er hér um ágreining að tefla, sem skera ber úr með mati samkvæmt 78. og 80. gr., sbr. 147. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Að svo vöxnu máli ber að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð í héraði, að því er varðar þá kröfu gagnáfrýjanda, sem rædd hefur verið í þessum tölulið, og vísa kröfunni frá héraðsdómi.

2. Krafa gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að setja hlið á girðingu frá einkavegi sínum að Kvíslum, er á því reist, að gagnáfrýjandi eigi umferðarrétt um land það sunnan einkavegarins, sem kom í hlut aðaláfrýjanda við fyrrgreind landskipti. Þegar landskipti voru gerð, var gagnáfrýjanda ekki mæltur neinn réttur til umferðar um þetta land aðaláfrýjanda, enda verður ekki séð, að hann hafi gert kröfu til þess eða áskilnað um það. Ber því þegar af þessari ástæðu að sýkna aðaláfrýjanda af umræddri dómkröfu gagnáfrýjanda.

3. Eftir úrslitum máls þessa þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00. Ákvörðun héraðsdóms um greiðslu á þóknun til dómenda og kostnaði þeirra hefur ekki verið áfrýjað, og verður henni því ekki raskað.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, að því er tekur til þeirrar dómkröfu gagnáfrýjanda, Skapta Davíðssonar, að aðaláfrýjanda, Jónasi Hvannberg, sé gert skylt að breyta vatnsfarvegi, svo sem greinir í 1. tölulið hér að framan, og vísast þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi á að vera sýkn af þeirri dómkröfu gagnáfrýjanda, að honum sé gert skylt að setja hlið á girðingu, svo sem greinir í 2. tölulið hér að framan.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur vettvangsdóms Árnassýslu 9. júní 1952.

Ár 1952, mánudaginn 9. júní, var í vettvangsdómi Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni og meðdómsmönnum Páli Diðrikssyni, bónda á Búrfelli, og Skúla Gunnlaugssyni, bónda í Bræðratungu, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2/1952: Skapti Davíðsson gegn Jónasi Hvannberg, en málið hafði verið þingfest hinn 26. apríl og dómtekið 6. júní sama ár.

Stefnandi, Skapti Davíðsson, er eigandi og ábúandi jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi. Gerir hann þær dómkröfur í máli þessu, að stefndi, Jónas Hvannberg, eigandi Úteyjar I, verði, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda, dæmdur til að veita afrennsli vestan við fjós Úteyjar I norður í hveralæk á túninu og að setja hlið á girðingu yfir hreppsvegi frá Útey II í austur og vestur. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

I.

Austur frá Úteyjarbæjum liggur sýsluvegur að Austurey. Vegur þessi skilur lönd málsaðilja á því svæði, sem hér skiptir máli. Útey I á land norðan vegarins, en Útey II sunnan hans. Skammt norðan vegarins stendur fjós Úteyjar I. Frá fjósinu hefur verið hlaðinn garður suður undir sýsluvegin, að því er virðist til þess að bægja vatnsrennsli frá fjóshlaðinu, sem er vestan við garðinn. Ekki virðist þó geta verið þarna um að ræða vatnsrennsli nema í stórrígingum eða leysingum. Verulegum hluta af austurtúni Úteyjar I hallar heim að fjósbyggingunni og framannefndum garði og fær leysinga- og rígingarvatn af þessu svæði ekki annarsstaðar framrás en við syðri enda garðsins, við sýsluvegin. Mundi vatnið síðan renna vestur með sýsluveginum norðanverðum, yfir land Úteyjar I, beint í áðurnefndan hveralæk, ef vestanvert við garðendann væri ekki til fyrirstöðu heimreið Úteyjar I. Mól hefur verið borin í heimreiðina þannig, að hún hefur orðið hærri en sýsluvegurinn. Hefur vatn því runnið þarna yfir sýsluvegin, brotið í hann skarð og grafið sér farveg í nýrækt stefnanda sunnan vegarins. Við skoðun vettvangs virtist dómendum einsætt, að leysinga- og rígingarvatn af túni Úteyjar I mundi ekki leita yfir sýsluvegin á umræddu svæði, ef garðurinn og síðan heimreiðin væri ekki framrás þess til fyrirstöðu. Dómurinn fellst því á kröfu stefnanda um, að stefnda sé skylt að gera ráðstafanir til þess að vatn af umræddu landi hans fái framrás norðan sýsluvegarins, en ekki suður yfir hann.

II.

Frá fornu fari hefur leið legið frá Útey um svokallað Mynnisvað nálægt upptökum Hólaár og ósum Skillandsár til bæja í ofanverðum Laugardal. Leiðin að vaðinu liggur öll um land Úteyjar I. Girðing forn liggur frá túni Úteyjar I norður í Laugarvatn, en vestan við Mynnisvað. Er ekkert hlið á þessari girðingu og hefur hún staðað, eftir því sem næst verður komið, í 3—4 áratugi. Í annan stað hefur nýlega verið girt úr austurhorni túngirðingar Úteyjar I norður í Tólfhundraðatjörn við Hólaá, austan við Mynnisvað. Er þar með lokað leiðum að Mynnisvaði.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að setja hlið á aðra hvora girðinguna, sem lokar leið hans að Mynnisvaði, en leggur á vald dómsins að ákveða, hvar það skuli sett. Þá óskar hann fremur eftir hliði á hina fornu girðingu nálægt bökkum Laugarvatns. Við munnlegan flutning málsins var því yfirlýst af hálfu stefnda, að hann mundi án óþarfs dráttar láta setja hlið á hina nýju girðingu við austurhorn túngirðingar Úteyjar I og mundi stefnanda þar með opnast leið af sýsluveginum norður að Mynnisvaði.

Dómurinn telur tvímælausan rétt stefnanda til þess að fara um Mynnisvað norður í Laugardal, en í því efni er honum meinalaust að fara sýsluvegin austur fyrir tún stefnda og um áðurnefnt væntanlegt hlið á hinni nýju girðingu stefnda. Með tilliti til yfirlýsingar stefnda um, að sett verði hlið á girðingu þessa án óþarfs dráttar, telur dómurinn ekki ástæðu til að fjalla nánar um þennan lið málsins.

III.

Fyrir allmörgum árum lagði stefndi í máli þessu veg frá Útey vestur á þjóðveg, og er vegurinn einkaeign hans. Síðan fóru fram landskipti á milli Úteyjar I og Úteyjar II, og hlaut Útey I land meðfram veginum sunnanverðum, en Útey II landið norðan vegar. Stefndi hefur sett girðingu á landi sínu meðfram einkaveginum vestur að þjóðvegi og síðan meðfram þjóðveginum suður að svonefndum Kvíslum, sem er vatnsfall, ófært yfirferðar á þeim slóðum öllum venjulegum flutningatækjum. Á greindum girðingum stefnda eru engin hlið. Stefnandi krefst þess í málinu, að stefnda verði gert að setja hlið á girðinguna, sem liggur frá enda einkavegarins, meðfram þjóðvegi að Kvíslum. Hann heldur því fram, að þrautaleiðin frá Útey á þjóðveginn með þungavöru hafi jafnan legið suður frá Úteyjarbæjunum og síðan um núverandi land Úteyjar I sunnan einkavegarins vestur á þjóðveginn norðan Kvísla, er þær höfðu verið brúaðar. Telur stefnandi leið þessa hafa verið hreppsveg frá fornu fari.

Stefndi mótmælir því, að hér sé um hreppsveg að ræða. Hann neitar því, að þessi leið frá Útey hafi frá fornu fari verið farin fremur en ýmsar aðrar, svo sem suður fyrir Djúp eða vestur yfir núverandi land Úteyjar II, meðfram Laugarvatni, nema síður væri. Telur hann stefnanda ónaúðsynlegt með öllu að fara yfir land Úteyjar I vestur á þjóðveginn, þar sem land Úteyjar II, norðan einkavegarins, sé ekki ógreiðara yfirferðar og auk þess sé sú leið styttri.

Dómurinn getur ekki fallið á, að rök hafi verið leidd að því, að hér eða annars staðar í Úteyjarlandi sé um hreppsvegi að ræða í venjulegum skilningi. Ekki virðast heldur flutningar um þessa leið hafa tíðkapt fyrr en þjóðvegurinn hafði verið lagður norður yfir Kvíslar og þær brúaðar. Hins vegar virðist dómendum við vettvangsgöngu, að leið þessi væri aðgengilegri yfirferðar en mýrin norðan einkavegarins, þar sem stefnandi hefur þó gert nokkrar tilraunir til vegabóta, með því að brúa keldur í mýrinni. Keldur þessar eru rótlitlar og þola enga verulega umferð. Þegar þær eru brúaðar, veðst mýrin fljótt sundur við endana á brúnum, og er því að þeim skömm samgöngubót. Hins vegar virðist mýrin í landi Úteyjar I, sunnan einkavegarins, vera öllu seigari og laus við keldur. Framburður vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu, hníga einnig í þá átt, að leiðin til þjóðvegarins, eftir að hann komst norður fyrir Kvíslar hafi jafnan þótt greiðfærari um land Úteyjar I en um land Úteyjar II.

Dómurinn telur því upplýst, að leiðin frá þjóðvegi að Útey sé einna greiðfærust og verði sít ófær með öllu, sunnan einkavegarins í núverandi landi Úteyjar I. Verður því að telja stefnanda, sakir brýnnar nauðsynjar, heimilt að fara leið þessa, unz hann á annarra ekki síðri kostnaði og stefnda skylt að búa þannig um girðingu sína við þjóðveginn, að unnt sé án óeðlilegrar hindrunar að komast gegnum hana.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður fallið á kröfu stefnanda um, að stefndi verði,

1) að viðlögðum dagsektum, sem þykja hæfilega ákveðnar 50 kr.,

dæmdur til þess að rjúfa hindrun fyrir framrennsli rigninga- og leysingavatns meðfram norðanverðum sýsluvegi, er skilur lönd aðiljanna, og

2) dæmdur til þess að setja hlið á girðingu sína meðfram þjóðvegi. — Þar sem ekki þykir hætt við, að vatnsrennsli af landi stefnda geti orðið stefnanda að meini fyrr en eftir lok septembermáaðar, skulu dagsektir, sem renni til stefnanda, ekki reiknast fyrr en frá og með 1. okt. n. k.

Eftir þessari málsniðurstöðu þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefnda, Jónasi Hvannberg, eiganda Úteyjar I, er skylt, að viðlögðum 50 kr. dagsektum, er renni til stefnanda, Skapta Davíðssonar, og reiknist frá 1. okt. 1952, að gera vatnsrás gegnum heimreið sína nægilega til þess að rigningar- og leysingarvatn af túni hans leiti ekki yfir sýsluveginna á land stefnanda. Stefnda er og skylt að búa svo um girðingu sína meðfram þjóðvegi, að stefnandi geti þar óhindrað neytt umferðarréttar síns.

Stefndi greiði stefnanda 2000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Kærumálið nr. 9/1953.

Magnús Thorlacius

gegn

Bengtú Andersen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramar **Hæstaréttar.**

Kærumáli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. júní þ. á., sem hingað barst 13. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, uppkveðnum 27. maí þ. á. í máli varnaradilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, aðallega að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað frá stjórn Lögmannafélags Íslands, en til vara, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og þóknun honum til handa,